

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 13. desember 2023

Mál nr. E-2068/2022:

**A**

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

gegn

**B**

(Jóhann Tómas Sigurðsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð þess þann 16. nóvember sl., var höfðað með stefnu birtri þann 27. apríl 2022 af stefnanda, A, [...], á hendur stefndu, B, [...].

Stefnandi gerir þær dómkröfur í málinu að stefnda verði dæmd til þess að greiða stefnanda 8.500.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af 4.500.000 krónum frá 24. október 2019 til 26. mars 2020, en af 7.500.000 krónum frá þeim degi til 7. apríl 2020, en af 8.500.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu m.t.t. virðisaukaskatts.

Stefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda, til vara að þær verði lækkaðar verulega.

Þá krefst stefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda m.t.t. virðisaukaskatts.

Rétt er að geta þess hér í upphafi að mál þetta var endurupptekið og síðan úthlutað dómara eftir að dómur í útivistarmáli hafði fyrst gengið á hendur stefndu. Undir rekstri málsins var svo frávísunarkröfu stefndu hrundið með úrskurði. Í kjölfar þessa afréð stefnandi síðan að falla frá hluta af upphaflegum dómkröfum sínum í málinu.

### Ágreiningsefni og málsatvik

Stefnandi höfðar mál þetta og byggir endurgreiðslukröfur sínar á hendur stefndu á því að hann hafi á umræddu tímabili 2018–2021 lánað henni umtalsverðar fjárhæðir, m.a. til íbúðarkaupa, alls 8.500.000 krónur, sem hann krefjist nú endurgreiðslu á. Stefnda byggir sýknukröfu einkum á því að umræddar óumdeildar peningafærslur frá stefnanda til stefndu hafi ekki verið lán til íbúðarkaupa, heldur uppgjör hans á lánnum er þrír menn tengdir stefnanda hafi fengið fyrir milligöngu stefndu hjá konu sem hún þekki og stefnandi hafi ábyrgst að yrðu greidd. Engin skuldaskjöl liggja fyrir um hið meinta lán né heldur um hinar meintu ábyrgðir, heldur einungis gögn um millifærslur.

Málsaðilar deila um málsatvik og tildrög umræddra viðskipta þeirra, en óumdeilt er að stefnandi sem er íslenskur og stefnda, sem er fædd í C og talar að eigin sögn takmarkaða íslensku en kom hingað til lands með syni sínum árið [...], kynntust eigi síðar en árið 2016 þegar þau störfuðu bæði hjá D., sem nefnist nú E, þar sem F var þá framkvæmdastjóri. Málsaðilum ber annars ekki saman um það hvort þau hafi kynnst fyrr eða hvers eðlis samband þeirra hafi þá verið en stefnandi telur þau tvö hafa verið þar á árunum [...] á meðan stefnda vísar til þess að þau hafi einungis verið vinir og þekkt frá 2016.

Fyrir liggur að stefnda flutti í ársbyrjun 2017 með syni sínum inn í herbergi í þáverandi íbúð stefnanda í hans boði en hana hafði þá tímabundið vantað húsnæði. Stefnda kveðst þá hafa tekið að sér að aðstoða stefnanda við almennt heimilishald og m.a. séð um innkaup, eldamennsku, þrif og önnur húsverk og hafi það fyrirkomulag haldið áfram um tíma eftir að stefnda hafi flutt í eigin íbúð, a.m.k. að hluta til. Í byrjun árs 2018 skipti stefnda svo um vinnu og var stefnandi þá ekki lengur samstarfsmaður hennar. Vorið 2019 kaupir stefnda síðan með syni sínum íbúð þá að I er stefnandi kveðst hafa lánað henni fé til kaupa á, og flutti stefnda þá frá stefnanda.

Stefnandi byggir kröfugerð sína hér á því að hann hafi á tímabilinu 30. apríl 2018 til 21. desember 2021 lánað stefndu háar fjárhæðir, m.a. til hér umræddra íbúðarkaupa og annarrar framfærslu, og leggur stefnandi m.a. fram í málinu millifærslukvittanir um peningafærslur til stefndu er sumar tilgreina sérstaklega „I“ í skýringu.

Stefnda vill hins vegar ekki kannast við það að hún hafi tekið við umræddum fjármunum frá stefnanda sem lánnum til hennar vegna kaupa á íbúðinni að I.

Kveðst stefnda við þau íbúðarkaup hafa nýtt sparnað er hún og sonur hennar hafi getað lagt fyrir á tímabilinu 2017 til 2019. Þá vísar stefnda til þess að stefnandi hafi lengstum átt við mikið áfengisvandamál að stríða og oft verið óvinnufær og hafi hún því á þeim tíma er þau hafi búið saman jafnan keypt inn fyrir hann, m.a. mat, sígarettur og áfengi, og hafi hann þá stundum lagt inn á hana fjármuni fyrir slíku og hafi það fyrirkomulag haldið áfram eftir að hún flutti. Eins kveðst stefnda hafa aðstoðað dóttur stefnanda og barnabarn með fé þegar hann hafi tímabundið ekki getað lagt þeim til fé.

Enn fremur vísar stefnda til þess að stefnandi hafi síðan byrjað að færa sér það í nyt að stefnda gat fengið lán frá öðru fólki af [...] uppruna á Íslandi. Hafi stefnandi þá kynnt fyrir stefndu viðskiptafélaga sína, núverandi og fyrrverandi, en þessa kunningja stefnanda hafi vantað fé, m.a. í fyrirtækjarekstur sem þeir tengdust, og árið 2018 hafi stefnandi því fengið stefndu til þess að óska eftir lánnum frá fólki af [...] uppruna á Íslandi til að endurlána stefnanda og viðskiptafélögum hans.

Stefnda kveðst hafa haft milligöngu um umræddar lánveitingar. Lánin hafi oftast verið í reiðufé og stefnandi stundum komið til að taka á móti peningum og þá ábyrgst lánin gagnvart lánveitendum. Þá hafi stefnandi í upphafi nær alfarið séð um innheimtu

og samskipti við lántaka, þ.e. kunningja sína, sem og mótttekið að mestum hluta þær fáu endurgreiðslur sem kunningjar hans hafi innt af hendi, þá aðallega endurgreiðslur vaxta. Þá hafi stefnandi séð um skjalagerð vegna þessara lána, er hafi verið nær engin. Lánin hafi þannig iðulega verið endurgreidd stefnanda, er hafi séð um innheimtu og öll samskipti, en stundum hafi verið greitt beint til stefndu. Stefnandi hafi svo millifært hluta þessara fjármuna inn á reikning stefndu, en þó alls ekki allt. Stefnandi hafi notað fjármunina til að endurgreiða upphaflegum lánveitanda eða endurlánað viðskipta-félögum stefnanda. Um verulega fjármuni hafi verið að ræða og stefnandi gengið mjög á lagið. Árið 2021 hafi verið ljóst að þessir fjármunir væru að stærstum hluta glataðir. Lánin hafi verið í reiðufé og m.a. blandist inn í þessi lán fyrrum yfirmaður málsaðila en að sögn stefndu hafi umræddir lántakar eða fyrirtæki í þeirra eigu verið eftirfarandi:

F hafi fengið alls um 6,8 milljónir króna að láni.

G hafi fengið alls um 5,5 milljónir króna að láni.

H hafi fengið alls um 7,5 milljónir króna að láni.

Umræddir fjármunir séu nú vísast að mestu glataðir, en ljóst að stefnda hafi orðið fyrir gríðarlegu fjártjóni og lent í vandamálum gagnvart löndum sínum vegna loforða og ábyrgðaryfirlýsinga stefnanda og greiðslufalls félaga hans, en vanefndir þeirra hafi ekki leyst hana úr ábyrgð gagnvart upphaflegum lánveitendum og beri hún ábyrgð á endurgreiðslu lánanna til þeirra, óháð fjárhagslegri stöðu endanlegra lántaka.

Umrædd lán hafi jafnan verið í reiðufé og án skriflegra samninga, sem stefnandi og félagar hans hafi lagt áherslu á. Hafi umræddir lántakar, félagar stefnanda, síðan annaðhvort farið í gjaldþrot eða séu í slæmri fjárhagslegri stöðu. Eftir standi stefnda sem þurfi að endurgreiða lán að fjárhæð 20–30 milljónir króna sem stefnandi hafi fengið hana til að hafa milligöngu um. Nú hafi stefnandi gengið skrefi lengra og krefji stefndu um 8,5 milljónir króna til viðbótar, byggt á millifærslukvittunum eingöngu.

Stefnandi kannast hins vegar ekki við það að hafa látið í té ábyrgðir fyrir lánnum sem stefnda kunni mögulega að hafa haft milligöngu um til annarra. Hann hafi lánað stefndu verulega fjármuni og langt umfram þær ótvíræðu fjárhæðir er hann hafi lánað henni til umræddra íbúðarkaupa og hann geri nú hér kröfu um að fá endurgreiddar.

#### *Málsaðilar og lagarök stefnanda*

Málið sé höfðað til endurgreiðslu lána er stefnandi hafi veitt stefndu á tímabilinu 30. apríl 2018 til 21. desember 2021. Málsaðilar hafi verið í sambandi árin [...] en á sambandstíma hafi þó aldrei stofnast sameiginlegt fjárfélag þeirra. Þrátt fyrir það hafi stefnandi lánað stefndu háar fjárhæðir er hún hafi nýtt til íbúðarkaupa og annarrar framfærslu. Alls nemi lán stefnanda til stefndu umtalsvert hærri fjárhæð en greinir í dómkröfum, en til einföldunar þá kjósi stefnandi að krefjast einungis endurgreiðslu á lánnum vegna fasteignakaupa stefndu. Framsetning kröfugerðar sé því ívilnandi fyrir

stefndu. Eins sé með málalíbúnað stefnanda að því leyti til að ekki sé hér gerð krafa um afhendingu á lausafjármunum í hans eigu sem stefnda hafi haft í sínum vörslum.

Endanleg fjárfkrafa stefnanda í málinu grundvallist aðeins á lánum sem hann hafi veitt stefndu til umræddra íbúðarkaupa. Þeim hafi verið ráðstafað til hennar í fjórum millifærslum af bankareikningi stefnanda hjá Landsbankanum hf., þ.e. 4.500.000 krónum 24. október 2019, 2.000.000 króna 26. mars 2020, 1.000.000 króna 26. mars 2020 og 1.000.000 króna 7. apríl 2020, en alls séu þetta því 8.500.000 krónur. Um sundurliðun og skýringar vísist til kvittana, yfirlits og töflu sem stafi frá stefnanda.

Í öllum tilvikum sé um að ræða lán er stefnandi hafi veitt stefndu að hennar ósk. Fjármunirnir hafi í engum tilfellum verið nýttir í þágu stefnanda eða hans framfærslu. Þá hafi lánin í öllum tilfellum verið veitt gegn því skilyrði að um lán væri að ræða og hafi stefnda lofað því að endurgreiða stefnanda. Það hafi stefnda ekki staðið við þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir þar um. Þvert á móti hafi stefnda lýst því yfir í samtölum við stefnanda sem og aðra að hún ætlaði sér ekki að endurgreiða lánin. Þá hafi stefnda jafnframt talað um það að selja íbúðina og flýja land með þá fjármuni er í hennar hlut kæmu vegna sölu íbúðarinnar og réttilega séu eign stefnanda. Stefnda hafi þegar hafið undirbúning ráðagerðar sinnar og gengið í hjónaband að nýju með erlendum manni.

Í maí 2019 hafi stefnda og sonur hennar keypt umrædda íbúð að I. Samkvæmt kaupsamningi hafi þau lagt 8.900.000 krónur í eigið fé til íbúðarkaupanna. Skyldu 6.000.000 króna greiddast við undirritun kaupsamnings um eignina þann [...]. maí 2019 og 2.900.000 krónur við undirritun afsals þann [...]. september 2019. Að öðru leyti hafi íbúðarkaupin verið fjármögnuð með lánum hjá Landsbankanum hf.

Þeir fjármunir er stefnda og sonur hennar hafi lagt til kaupanna hafi verið fengnir að láni frá þriðja aðila. Lán þessi hafi verið til skamms tíma og á afar slæmum kjörum. Í október 2019 hafi stefnda þurft að standa skil á láninu við umræddan lánardrottin. Hafi stefnda þá farið þess á leit við stefnanda að hann veitti henni lán til þess að greiða skuldina. Hafi stefnda lýst mikilli nauð og að hún sætti hótunum frá umræddum aðila. Stefnandi hafi fallist á að lána stefndu til endurfjármögnunar íbúðarkaupanna og hann millifært alls 8.500.000 krónur á reikning stefndu í fjórum greiðslum. Stefnda hafi ráðstafað fjármunum frá upphaflegum lánardrottni til íbúðarkaupa jafnt í þágu sonar síns sem og í eigin þágu. Eignarhlutur (kaupsamningsgreiðsla og afsals- greiðsla) sonar stefndu í íbúðinni hafi því verið fjármagnaður með láni frá stefnda.

Stefnandi hafi ítrekað lánað stefndu peninga sem hún hafi síðan ekki endurgreitt. Í öllum tilvikum hafi verið um lán að ræða sem stefnandi hafi veitt að ósk stefndu. Þá hafi stefnda lofað að endurgreiða lánin en ekki hafi komið til þess þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir og kröfur stefnanda um slíkt. Þær fjárhæðir sem um ræðir séu töluvert hærri en stefnufjárhæðin, er byggist á fjórum millifærslum til stefndu á árunum 2019–2020.

Málatilbúnaður stefnanda byggist á almennum reglum kröfu- og samningaréttar. Gögn málsins sýni glögglega að stefnandi hafi millifært alls a.m.k. 8.500.000 krónur inn á bankareikning stefndu, án þess að nokkurt endurgjald kæmi í staðinn. Þá sé ljóst að stefnda hafi ekki endurgreitt stefnanda fjármunina. Í því ljósi og með vísan í gögn og atvik máls að öðru leyti sé ljóst að millifærslur stefnanda til stefndu hafi verið lán. Í öllum tilvikum sé gjalddagi lána sami dagur og lánin hafi verið veitt enda ekki samið um annað. Með vísan í meginreglur kröfuréttar, einkum um efndir fjárskuldbindinga og meginreglu samningaréttar um skuldbindingargildi loforða, sé ljóst að greiðsluskylda stefndu sé skýr og beri því að fallast á fyrirbyggjandi dómkröfur stefnanda.

Vísist til meginreglu samningaréttar um að samninga skuli efna og meginreglna kröfuréttar, einkum um efndir fjárskuldbindinga. Einnig sé byggt á lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. einkum 129. gr. og 130. gr. um málskostnað og 1. mgr. 32. gr. um varnarþing. Vaxtakrafa styðjist við lög nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 6. gr.

#### *Málsástæður og lagarök stefndu*

Í endanlegri kröfugerð stefnanda sé gerð krafa um það að stefnda greiði stefnanda 8.500.000 krónur með dráttarvöxtum og því haldið fram að krafan sé tilkomin vegna „lána“ sem stefnandi eigi að hafa veitt stefndu á umræddu tímabili, sbr. millifærslur. Sé í stefnu byggt á þeirri málsástæðu að stefnda hafi nýtt „lánin“ til að endurfjármagna kaup á íbúð, eða samtals um 8.500.000 krónur á tímabilinu október 2019 til apríl 2020.

Í stefnu sé þannig á því byggt að stefnda skuldi stefnanda 8.500.000 krónur vegna lána sem veitt hafi verið í fjórum greiðslum frá 24. október 2019 til apríl 2020. Um sé að ræða endurfjármögnun á lánnum sem stefnda hafi tekið vegna íbúðarkaupanna með syni sínum árið 2019. Í málinu liggi fyrir kaupsamningur sem sýni að kaupverð umræddrar fasteignar hafi verið greitt að fullu af stefndu og syni hennar áður en að hinar meintu lánveitingar stefnanda til stefndu hafi átt sér stað. Þannig geti umræddar millifærslur ekki hafa verið ætlaðar til greiðslu kaupverðs fasteignarinnar.

Þá sé því hafnað sem ósönnuðu að stefnda hafi þurft að taka lán vegna eiginfjárframlags og að hér hafi verið um að ræða einhvers konar lán stefnanda til stefndu vegna endurfjármögnunar lána frá ótilgreindum þriðju aðilum vegna íbúðarkaupanna. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram til stuðnings þessum málatilbúnaði sínum, hvorki lánssamninga, samskipti vegna meintrar lántöku né annað sem geti skýrt málatilbúnað hans. Þá virðist litið fram hjá því að stefnda hafi keypt fasteignina með syni sínum.

Hið rétta sé það að stefnda og sonur hennar hafi fjármagnað eiginfjárframlag sitt við fasteignarkaupin með sparnaði á árabílinu 2017 til 2019. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefndu af kröfu stefnanda sem byggist á þeirri málsástæðu að um sé að ræða einhvers konar endurfjármögnun á lánnum vegna umræddra íbúðarkaupanna stefndu.

Hvað varði tilvitnaðar fjórar millifærslur þá sé þar einfaldlega um að ræða milli-  
færslur á fimm mánaða tímabili sem allar tengist lánum til viðskiptafélaga stefnanda.

Fyrsta millifærslan sé 4.500.000 krónur frá 24. október 2019. Leggi stefnda fram  
afrit af stefnu, greinargerð, réttarsátt og aðfarargerð (er endað hafi með árangurslausu  
fjárnámi) þar sem sjáist hvernig stefnda hafi lánað þriðja aðila, G, viðskipta- félagi  
og kunningja stefnanda, með millifærslu hvorki meira né minna en 2,5 milljónir króna  
26. október 2019, þ.e. tveimur dögum eftir að stefndi hafi „lánað“ henni 4,5 milljónir  
króna „vegna endurfjármögnunar íbúðarkaupar“, eins og hann kalli það nú.

Af þessum 4,5 milljónum króna hafi stefnda millifært a.m.k. 2,5 milljónir króna  
til G, að undirlagi stefnanda, fjármuni er nú séu með öllu glataðir. Í fyrrgreindri stefnu  
sé jafnframt rakið hvernig stefnda hafi lánað G fjármuni langt yfir eigin greiðslugetu  
og í fylgiskjöllum sjáist hvernig stefnda hafi þá talið sig vera að lána þáverandi  
vinnuveitanda sínum. Allt hafi þetta verið gert að undirlagi og samkvæmt  
ráðleggingum stefnanda og á þeim tíma þegar stefnda hafi starfað hjá félagi sem G  
hafi verið í fyrirsvari fyrir og hún talið sig vera að lána því umrædda fjármuni.

Næstu þrjár millifærslur er vitnað sé til í stefnu séu svo alls að fjárhæð 4 milljónir  
króna, frá 26. mars 2020. Hér hafni stefnda því að um e.k. „lán“ frá stefnanda til  
stefndu hafi verið að ræða. Þvert á móti sé þar um að ræða þrjár millifærslur sem allar  
hafi farið fram á árinu 2020, og annars vegar verið vegna millifærslna á fjármunum er  
stefnandi hafði innheimt og hins vegar verið greiðsla fyrir þátttöku stefnanda í rekstri  
og útlögðum kostnaði stefndu vegna sambands aðila, rekstri heimilis, o.þ.h.

Í engu tilviki hafi millifærslurnar verið lán frá stefnanda til stefndu og beri stefndu  
engin skylda til að endurgreiða fjármunina. Þess í stað hafi stefnandi einfaldlega verið  
að skila til baka þeim fjármunum sem hann hafði innheimt af lánum sem hann hafi  
haft milligöngu um að innheimta og hafi ábyrgst, og hluti þeirra síðan verið nýttur til  
að endurlána G, eða til endurgreiða það sem stefnda hafi lagt út fyrir stefnanda.

Allt þetta staðfesti að umræddar millifærslur hafi ekki verið lán til stefndu eins  
og stefnandi haldi fram. Þvert á móti hafi stefnandi búið svo um hlutina að hann hafi  
séð um innheimtu á lánum til viðskiptafélaganna og hann svo millifært, eftir atvikum,  
til stefndu eða endurlánað viðskiptafélögum stefnanda. Allt í þeim tilgangi, að því er  
virðist, til að gera stefnanda kleift að sækja nú ranglega sömu fjármuni í vasa stefndu.

Engin gögn séu lögð fram af hálfu stefnanda til stuðnings málátilbúnaði hans um  
ósk stefndu um lántöku, um stofnun lánsamnings, vanskil, innheimtu, o.fl.

Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að umræddar millifærslur séu lánveitingar  
en ekki endurgreiðslur á útlögðum kostnaði og skil á fjármunum sem hann hafi haft  
milligöngu um að innheimta. Sé því hafnað að hægt sé að leggja fram millifærslu-  
kvittanir og með því færa sönnunarbyrði fyrir tilefni millifærslunnar yfir á viðtakanda.  
Standi stefnanda nær að færa sönnur á að framangreindar millifærslur séu lánveitingar

en ekki þátttaka í útlögðum kostnaði og þá vegna milligöngu um innheimtu á lánnum. Stefnandi hafi ekki lagt fram neinn lánssamning, engin samskipti aðila eða nein önnur sönnunargögn er staðfesti máltilbúnað um að um lánveitingar hafi hér verið að ræða.

Samkvæmt stefnu sé um að ræða lán sem fyrst hafi verið tekið fyrir um fjórum árum en engin gögn hafi verið afhent sem sýni að stefnandi hafi sjálfur gert reka að kröfu um nokkra endurgreiðslu eða innheimtu í allt að fjögur ár. Í stefnu sé sérstaklega tilgreint að um sé að ræða lánveitingar til stefndu er hafi verið veittar „að hennar ósk“, en engin gögn séu lögð fram því til stuðnings. Þá séu engin samskipti á milli aðila um tilkynningar um innheimtu, um áskilnað um endurgreiðslu, tölvupóstar, samskipti á samfélagsmiðlum eða viðvörðun um innheimtu eða tilkynningar um vanskil vegna þessara meintu „lánveitinga“ lögð fram af stefnanda, þvert gegn yfirlýsingum í stefnu.

Athygli veki að samkvæmt dómskjöllum hafi stefnandi leitað beint í innheimtu á 8,5 milljóna króna kröfu til lögmanns, en engin staðfesting um birtingu fylgi viðvörðun lögmanns frá október 2020. Þannig virðist stefnandi hafa farið með þennan hluta kröfu sinnar í innheimtu hjá lögmanni í október 2020, eða um sex mánuðum eftir síðustu millifærslu vegna þessa hluta kröfunnar, án þess að nein gögn væru lögð fram er sýndu aðdraganda innheimtunnar, s.s. tilkynningar um vanskil, gjaldfellingu, yfirvofandi upphaf innheimtu, o.s.frv. Þá séu engin gögn lögð fram er sýni fram á innheimtu eða kröfur um endurgreiðslu frá dagsetningu viðvörðunar í október 2020 og til maí 2022.

Þá sé óútskýrt og því ótrúverðugt að stefnandi hafi fengið lögmann til að senda viðvörðun um innheimtu á skuld sem hafi að eftirstöðvum numið um 9 milljónum króna í október 2020, en hann samt haldið áfram lánveitingum til stefndu til ársloka 2021. Einnig sé óútskýrt af hverju stefnandi hafi ekki sent kröfur í innheimtu eða hafið innheimtuferli og gefið stefndu tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og taka til varna áður en stefna hafi verið birt og þingfest með eins stuttum fyrirvara og unnt sé. Þá hafi stefnandi gert fjárnám hjá stefndu í ágúst 2022 á grunni útivistardóms, vitandi það að beðið væri afgreiðslu héraðsdóms á endurupptöku málsins, með þeim afleiðingum að fjárnám hafi farið fram með kostnaði og afleiðingum fyrir stefndu.

Stefnda telji ósannað að í reynd hafi stofnast einhvers konar lánssamningar á milli aðila, enda aldrei verið send tilkynning um innheimtu, vanskil eða stöðu lána, svo sem eðlilegt sé og venja sé til. Þá liggi ekki fyrir lánsbeiðni eða samskipti vegna lántöku. En slíkt sé algjör forsenda þess að millifærslurnar séu einhvers konar lánveitingar. Þá hafi stefnandi aldrei veitt stefndu upplýsingar um stöðu lána eða gefið henni tækifæri til að greiða upp meint lán eða hætta við lántöku. Þannig hafi stefnandi skýrlega brotið gegn meginreglum og venjum samninga- og kröfuréttar. Sé það verulega ósanngjarnt af stefnanda að halda því fram að það hafi stofnast einhverjir meintir lánssamningar á milli aðila sem stefnda sé bundin af. Þá telji stefnda að stefnandi geti ekki borið fyrir sig meint viðskipti þar sem slíkt væri óheiðarlegt í skilningi 33. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnda kannist ekki við að hafa mótttekið innheimtuviðvörðun frá október 2020, en þar að auki lesi hún ekki íslensku og hafi engar forsendur haft til að átta sig á efni bréfsins, sem stefnanda megi vera kunnugt. Sönnunarbyrði um að stofnast hafi til lánveitingar liggi alfarið hjá stefnanda. Stefnda hafi verið í góðri trú og ekkert liggi fyrir um að henni hafi mátt vera ljóst að samningssamband hefði stofnast er fæli í sér skuldbindingu til endurgreiðslu með dráttarvöxtum. Engin gögn eða samskipti á milli aðila hafi verið lögð fram er gefi tilefni til slíks. Þvert á móti hafi stefnda nú lagt fram gögn er varpi skýrara ljósi á atvik og sýni að málatilbúnaður stefnanda standist ekki. Stefnda hafi hvorki haft ástæðu né tilefni til að endurskoða hið meinta samningssamband um lánveitingar, stöðva lántöku eða gera upp lánin eða óska upplýsinga um stöðu þeirra.

Sönnunarbyrði fyrir því að stefnandi hafi verið að veita stefndu lán og um efni slíks samnings hvíli alfarið á stefnanda. Engin samtímagögn liggi fyrir er sýni fram á eða styðji kröfu stefnanda. Einu gögnin sem stefnandi hafi framvísað séu millifærslukvittanir og bankayfirlit sem séu með öllu órökstudd. Hafi þau enga þýðingu við sönnunarmat í málinu um annað en að stefnandi hafi sannarlega millifært til stefndu fjármuni er hann hafði innheimt fyrir stefndu eða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Allan vafa beri hér að túlka stefndu í hag, sbr. m.a. 36. gr. b og c í lögum nr. 7/1936.

Verði ekki fallist á sýknu á grunni framangreinds þá sé á því byggt að fyrir hendi séu hér skilyrði 30., 31. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þannig séu skilyrði 30. gr. laganna uppfyllt, sbr. framangreint. Þá séu skilyrði 2. mgr. ákvæðisins einnig uppfyllt, þ.e. að sá er tekið hafi við löggerningnum hafi sviksamlega skýrt rangt frá atvikum, sem ætla hafi mátt að skiptu máli um löggerninginn, eða hann hafi sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum. Sé óumdeilt að þessi atvik hafi haft veruleg áhrif á það að hinir meintu löggerningar hafi verið gerðir. Með vísan til framangreinds þá sé það afstaða stefndu að stefnandi hafi með sviksamlegum og blekkjandi hætti fengið hana til þess að hafa þá milligöngu um að taka fjármuni að láni og lána félögum stefnanda sem hér að framan sé lýst.

Verði ekki fallist á sýknu á grunni framangreinds þá sé á því byggt að fyrir hendi séu meginskilyrði misneytingar sem ógildingarástæða samkvæmt 31. gr. sömu laga, þ.e. að einn samningsaðili hafi notað annan til þess að afla sér hagsmuna eða áskilja sér þá. Aldrei hafi staðið til og ekki orðið raunin að stefnda nyti nokkurs ábata af þeim millifærslum frá stefnanda sem vísað sé til eða að um lán stefnanda til stefndu hafi þar verið að ræða. Hafi millifærslurnar eingöngu verið gerðar til þess að endurgreiða lán er stefnandi hafi innheimt eða nær eingöngu verið endurgreiðsla á útlögðum kostnaði.

Stefnda byggi jafnframt á því að það hafi verið óheiðarlegt af stefnanda að reyna að byggja einhvern sjálfstæðan rétt á millifærslunum eins og lagt sé upp með í stefnu.

Þá byggi stefnda á því að það sé ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að stefnandi byggi rétt á umræddum millifærslum sem framkvæmdar hafi verið til að

aðstoða viðskiptafélaga hans og beri þá að horfa til 36. gr. laganna. Í ljósi málsatvika vísi stefnda til alls þess sem hér að framan sé rakið um tilurð millifærslanna, um stöðu aðila og til atvika í aðdraganda, þegar og eftir að þessar millifærslur fóru fram.

Verði ekki fallist á framangreint vísist til þess að kröfur stefnanda hljóti að vera fallnar niður vegna tómlætis. Hafi hann aðeins gert eina meinta tilraun til innheimtu vegna 8,5 milljóna króna kröfu, í október 2020, en engin gögn liggi fyrir um að sú viðvörðun hafi verið send, borist eða innheimtu verið viðhaldið eftir sendingu bréfsins. Stefnda hafi því ekki haft vitneskju um tilvist nokkurs meints samnings í fjölda ára og haldið áfram að leggja út fyrir og aðstoða stefnanda er hafi látið undir höfuð leggjast að sækja kröfur í allt að fjögur ár og þær verði því að teljast niður fallnar fyrir tómlæti.

Stefnda byggi varakröfu um lækun á kröfum stefnanda á öllum ofangreindum málsástæðum. Allar hinar sömu málsástæður eigi við um aðal- og varakröfu stefndu.

Fallist dómurinn ekki á aðal- eða varakröfu stefndu þá byggi hún á því að stefnda hafi einnig millifært fjármuni til stefnanda sem stefndu sé þá heimilt að skuldajafna á móti kröfum stefnanda. Nánar tiltekið hafi stefnda millifært a.m.k. 245.500 krónur til stefnanda á tímabilinu 4. janúar 2019 til 21. desember 2021 í alls ellefu millifærslum

Stefnda telji að gagnkröfur hennar eigi að koma til skuldajafnaðar á móti kröfu stefnanda að svo miklu leyti sem krafa stefnanda verði tekin til greina. Öll skilyrði skuldajafnaðar séu uppfyllt, en gagnkröfur stefndu og dómkrafa stefnanda séu gagnkvæmar, sambærilegar og hæfar til að mætast hvað greiðslutíma snerti. Gagnkrafa stefndu sé gild, skýr og ótvíræð, en réttaráhrif skuldajafnaðar miðist við þann tíma þegar kröfurnar hafi verið hæfar til þess að mætast þar sem þær séu samþættar.

Dráttarvaxtakröfu stefnanda sé mótmælt, bæði hvað varði réttmæti og upphafstíma, auk þess sem ekki verði séð að framsetning hennar í dómkröfu fái staðist.

Stefnda krefjist þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991. Í þeirri kröfu felist jafnframt krafa um að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað án tillits til málsúrslita, sbr. 1. og 3. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, þar sem stefnandi hafi haft uppi rangar og haldlausar staðhæfingar, sbr. c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991, og bakað stefndu kostnað með sýnilega þarflausum og tilgangslausum ráðstöfunum sínum í tengslum við málið og rekstur þess, sbr. 3. mgr. 131. gr. Sé í því sambandi vísað til þess að stefnandi hafi höfðað málið án sýnilegrar viðvörðunar, engin tilraun til innheimtu eða viðvörðun vegna meintrar 8,5 milljóna króna kröfu liggi fyrir frá október 2020 fram að stefnubirtingu, stefnandi hafi neitað að verða við beiðni um að afhenda dómskjöl vegna beiðni um endurupptöku útivistarmáls, stefnandi hafi sérstaklega óskað eftir að fá frest til að skila inn greinargerð og andmæla endurupptöku, en svo ekki mætt í fyrirtöku og neitað að fresta fjárnámi á meðan endurupptökubeiðni hafi verið til meðferðar fyrir dómi.

Um lagarök vísist til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, s.s. 27. og 80. gr., almennra reglna kröfuréttar og samningaréttar, meginreglna um tómlæti, auk laga um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sér í lagi I. og III. kafla, sbr. m.a. 30., 31. og 36. gr. Um heimild til að hafa uppi gagnkröfu til skuldajafnaðar vísist til 1. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Um vexti og dráttarvexti vísist til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnaðarkröfu vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

#### *Niðurstaða*

Óumdeilt er að stefnandi framkvæmdi þær fjórar millifærslur til stefndu sem hann byggir endanlegar dómkröfur sínar í málinu á, það er þann 24. október 2019, 4.500.000 krónur, þann 26. mars 2020, 1.000.000 króna, þann 26. mars 2020, 3.000.000 króna og þann 7. apríl 2020, 1.000.000 króna, en kvittanir fyrir þremur fyrsttöldu greiðslunum tilgreina „I“ sem skýringu á millifærslunum frá stefnanda til stefndu. Hefur stefnandi, sem gaf aðilaskýrslu, fullyrt að um lán vegna íbúðarkaupa hafi verið að ræða. Að öðru leyti en þessu liggur ekkert haldbært fyrir í málinu um ástæður þess að féð var þannig millifært með umræddri skýringu á milli málsaðila, engin lánssamningur, önnur skjöl eða gögn, né hafa komið fyrir dóminn vitni sem geta varpað frekara ljósi á tilefnið.

Af hálfu stefndu hefur verið vísað til þess að umræddar millifærslur stefnanda til hennar hafi ekki verið lán til hennar heldur liður í endurgreiðslu óformlegra lánsviðskipta af hálfu stefnanda og tilgreindra félaga hans hjá samlöndum stefndu sem stefnda sitji enn að hluta til uppi með sem skuld við þá, eins og stefnda lýsti í aðilaskýrslu sinni. Vitnið J gaf skýrslu í síma og kvaðst aðspurð hafa lánað stefnanda og félögum hans umtalsverða fjármuni með slíkri milligöngu stefndu. Staðfesti vitnið að hafa lánað stefndu sjálfri 5 milljónir króna til íbúðarkaupa árið 2019, sem ekki hefðu enn verið endurgreiddar, auk þess sem verulegar fjárhæðir hefðu verið lánaðar til stefnanda og viðskiptafélaga hans er nú hefðu þó verið greiddar. Kvaðst vitnið hafa lánað stefnanda 2.500.000 krónur og viðskiptafélögum hans 7.500.000 krónur er stefnandi hefði ábyrgst.

Stefnda byggir hér á því að millifærslur stefnanda til hennar skýrist af uppgjöri í gegnum hana á þessum óformlegu lánum. En fyrir liggur að stefnda lánaði t.d. G umtalsverða fjármuni, þ.á.m. 2.500.000 krónur 26. október 2019, eða tveimur dögum eftir að stefnandi lagði inn á hana 4.500.000 krónur. Málgögn gefa hins vegar ekki ljóslega til kynna aðkomu eða ábyrgð stefnanda á lánum stefndu til þriðju aðila og neitar hann að hafa tekið ábyrgð á umræddum lánveitingum stefndu til annarra.

Flest er á huldu um framangreind fjárhagsleg samskipti málsaðila. Þannig hefur stefnda lagt fram afar takmörkuð gögn um afdrif þeirra fjármuna sem hún þannig móttók frá stefnanda. Hefur hún staðhæft að stefnandi hafi þegar árið 2018 kynnt hana

fyrir hér framangreindum viðskiptafélögum sínum og stefnandi síðar hvatt hana til að útvega þeim lán hjá [...] sem hann myndi ábyrgjast. Er af hálfu stefndu staðhæft að greiðslur stefnanda til hennar hafi að mestu verið uppgjör slíkra lána. En lánsviðskipti [...] byggi jafnan á trausti og fari gjarnan fram með úttektum á lausafé sem síðan sé afhent. Stefnandi hefur heldur ekki lagt fram gögn um tilurð þeirra fjármuna sem hann lagði inn á stefndu en kveður þá til orðna vegna sölu á hlut hans í húsi við K og að innlagnir hans til stefndu hafi verið lán sem hún hafi lofað að endurgreiða honum.

Er það mat dómsins, sé litið til framangreinds og fyrirbyggjandi gagna í málinu sem þó eru af afar skornum skammti, að það sé verulegum vafa undirorpið að sýnt hafi verið yfirhöfuð fram á tilvist nokkurra eiginlegra skuldakrafna í málinu. Er þá einnig til þess að líta að það hafi, eins og á stendur, staðið stefnanda næst að tryggja sér lágmarkssönnun fyrir því að hann hefði sannanlega millifært umrædda fjármuni til stefndu í því skyni að lána henni þá til endurfjármögnunar á umræddum íbúðarkaupum hennar eða til annars. En með hliðsjón af því sem fram er komið, sbr. framangreint og framburð stefndu og vitnisins J, þá verður a.m.k. að telja verulegan vafa leika á því að sú hafi sannanlega verið raunin, eða að umrætt fé hafi í reynd runnið til stefndu sem lán eða það verið nýtt í hennar þágu, og verður við svo búið að túlka þann vafa stefnanda í óhag.

Þar sem sönnun brestur fyrir því að umræddar millifærslur hafi í reynd falið í sér endurkræft lán verður niðurstaða dómsins að sýkna beri stefndu af dómkröfum stefnanda.

Eins og mál þetta er vaxið og með hliðsjón af rekstri þess fyrir dómi í heild sinni þykir þó vera rétt að málskostnaður á milli málsaðila verði hér látinn niður falla.

Málið flutti fyrir stefnanda Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður, en fyrir stefndu flutti málið Jóhann Tómas Sigurðsson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

### **Dómsorð:**

Stefnda, B, er sýknuð af dómkröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson